



15. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025 - 2026

16. febrúar 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB), Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS) og Hákon Leifsson (HL).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Fyrirmyndarfélag

a. Stefna ÍSÍ varðandi íþróttir barna

HS fer yfir stefnu ÍSÍ varðandi íþróttir barna og hvaða áhrif stefnan hefur á stefnu félagsins hvað varðar þjálfun og keppni barna, unglinga og ungmenna.

b. Umgjörð þjálfunar og keppni

HS fer yfir umbjörð þjálfunar og keppni félagsins. Þessi umgjörð er samin með stefnu ÍSÍ varðandi íþróttir barna til hliðsjónar og byggir á þeirri hugmyndafræði. Þetta skjal er samið í samvinnu HS, EG, VFS og RÁS.

c. Námsskrá

HS fer yfir námsskrá félagsins sem samin var í samvinnu HS, EG, VFS og RÁS.

3. Fjárhagsáætlun

a. Afreks og hvatningarsjóður – 1 milljón

Við gerð fjárhagsáætlunar gleymdist að gera ráð fyrir framlagi í afreks- og hvatningarsjóð Fáks. Lögð er fram uppfærð áætlun.

b. Kaup á borðum og stólum – Áætlaður kostnaður 700 þúsund.

EG leggur til að félagið kaupi borð og bekkir til að geta sett upp í anddyri reiðhallarinnar á viðburðum.

Samþykkt samhljóða.

4. Stefnumótunarfundur 25. febrúar

HS minnir á stefnumótunarfund og fer yfir það hvernig fundurinn er skipulagður.

5. Fatnaður frá 66 gr. N

Ræddur fatnaður frá 66 gr. N. Niðurstaða að ræða við Ástund um fatnað fyrir mót. ÍH fer í málið.

6. Æskan og hesturinn

Viðburðurinn verður haldinn fyrstu helgina í maí. Yfirþjálfari er hluti af undirbúningsnefnd.

7. Dagur íslenska hestsins

Stjórn mun skoða hvort hægt verði að bjóða upp á smá sýningu tengdum degi íslenska hestsins.

8. Önnur mál

a. Almennadalur 9

Byggingarfulltrúi fór í stöðuskoðun í Almennadal 9. Sama dag hafði byggingaraðili samband og vildi fá lóðarleigusamning. Honum var tjáð að ekki yrði gerður um húsið lóðarleigusamningur nema húsinu verði snúið eins og upphaflega var ætlað í deiliskipulagi svæðisins.

b. Staðgreinir fyrir hesthús í Faxabóli

Reykjavíkurborg hefur brugðist við erindi um merkingar í Faxabóli og er starfsmaður að vinna í málinu.

c. Kerrur á félagssvæði

Umræður um kerrur á félagssvæði sem ekki eru geymdar á kerrusvæði og leiðir til úrbóta. Stjórn hvetur eigendur hestakerra í hverfum að skrá sig á kerrusvæðið og geyma þær þar.

Fundi var slitið kl. 18:15.